



Bæjarstjórn - 1177

FUNDARBOÐ

1177. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í bæjarstjórnarsal, Hábraut 2,
22. maí 2018 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Dagskrármál

1. 1611147 - Fannborg 2, 4 og 6, sala fasteigna.
Farið yfir stöðu mála.
2. 1804413 - Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna
Tillaga um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna : Bæjarstjórn Kópavogs samþykkir að Kópavogsbær innleiði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Gerður verði samningur við Unicef á Íslandi um samstarf við innleiðinguna.
Ármann Kr. Ólafsson
Ása Richardsdóttir
Birkir Jón Jónsson
Guðmundur Geirdal
Hjördís Ýr Johnson
Karen Elísabet Halldórsdóttir
Margrét Friðriksdóttir
Margrét Júlía Rafnsdóttir
Pétur Hrafn Sigurðsson
Sverrir Óskarsson
Theódóra S. Þorsteinsdóttir

Önnur mál fundargerðir

3. 1805004F - Bæjarráð - 2914. fundur frá 17.05.2018
Fundargerð í 32 liðum.
3.11 1801320 - Sveitarstjórnarkosningar 2018
Lagður fram listi með undirkjörstjórnnum vegna sveitarstjórnarkosninganna 26. maí nk.
Niðurstaða Bæjarráð - 2914
Bæjarráð vísar afgreiðslu til bæjarstjórnar.
4. 1804022F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 240. fundur frá 26.04.2018
Fundargerð í 13 liðum.
5. 1805005F - Barnaverndarnefnd - 80. fundur frá 11.05.2018

Fundargerð í 2 liðum.

6. 1805003F - Forsætisnefnd - 115. fundur frá 03.05.2018

Fundargerð í einum lið.

7. 1805011F - Forsætisnefnd - 116. fundur frá 18.05.2018

Fundargerð í 2 liðum.

- 7.2 1310464 - Ungmennaráð Kópavogs

Lögð fram tillaga að breytingu á erindisbréfi Ungmennaráðs Kópavogs. Bæjarráð vísaði erindinu til forsætisnefndar á fundi sínum 22. febrúar. Forsætisnefnd fól bæjarritara á fundi sínum þann 21. mars að gera tillögu að breytingu á gr. 2 og 4 í erindisbréfi er varðar fasta skipan á tengslum ungmennaráðs við bæjarstjórn.

Niðurstaða Forsætisnefnd - 116

Forsætisnefnd samþykkir með tveimur atkvæðum tillögur að breytingum á erindisbréfi ungmennaráðs og vísar til afgreiðslu bæjarstjórnar.

8. 1805001F - Hafnarstjórn - 108. fundur frá 07.05.2018

Fundargerð í 3 liðum.

9. 1804021F - Íþróttaráð - 82. fundur frá 24.04.2018

Fundargerð í 4 liðum.

- 9.1 1609996 - Samstarfsvettvangur íþróttafélaga í Kópavogi

Lögð fram til kynningar lokadrög að samningi milli Kópavogsbæjar og Samstarfsvettvangs íþróttafélaga í Kópavogi ásamt fylgiskjöllum, sem samþykkt voru á fundi starfsstjórnar SÍK 23. apríl sl.

Niðurstaða Íþróttaráð - 82

Íþróttaráð fagnar því að nú liggi fyrir sameiginleg samningsdrög milli Kópavogsbæjar og SÍK. Með von um aukna samvinnu innan íþróttahreyfingarinnar í Kópavogi.

10. 1804025F - Lista- og menningarráð - 90. fundur frá 03.05.2018

Fundargerð í einum lið.

11. 1804011F - Skipulagsráð - 28. fundur frá 07.05.2018

Fundargerð í 27 liðum.

- 11.2 0812063 - Skíðasvæðið í Bláfjöllum, breytt deiliskipulag.

Lögð fram að nýju tillaga Landslags að endurskoðuðu deiliskipulagi skíðasvæðisins í Bláfjöllum, uppdráttur í mkv. 1:5000 ásamt greinargerð, skipulagsskilmálum og umhverfisskýrslu. Halldóra Narfadóttir, landfræðingur og Finnur Kristinsson, landslagsarkitekt gera grein fyrir tillögunni. Á fundi skipulagsráðs 16. apríl 2018 var afgreiðslu tillögunnar frestað.

Niðurstaða Skipulagsráð - 28

Skipulagsráð samþykkir að framlögð tillaga verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

- 11.3 1803193 - Brú yfir Fossvog. Deiliskipulag. Tillaga á vinnslustigi.

Lögð fram tillaga á vinnslustigi að deiliskipulagi brúar yfir Fossvog. Tillagan er unnin af Alta fh. Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar og í samvinnu við

Vegagerðina. Í tillögunni er gert ráð fyrir um 270 m langri brú yfir voginn frá Kársnesi, nánar tiltekið frá norðurenda Bakkabrautar að flugbrautarenda Reykjavíkurlflugvallar. Markmið tillögunar er að bæta samgöngutengingar milli Reykjavíkur og Kópavogs og styðja við vistvæna samgöngukosti. Brúin verður fyrir umferð gangandi, hjólandi og almenningsamgöngur. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2500 ásamt skýringarmyndum og greinargerð með umhverfisskýrslu dags. 30. apríl 2018. Hrafnhlildur Brynjólfssdóttir, skipulagsfræðingur og Þóra Kjarval, arkitekt Alta gera grein fyrir tillögunni.

Niðurstaða Skipulagsráð - 28

Skipulagsráð samþykkir framlagða lýsingu og að skoðaðir verði kostir þess að koma fyrir sundlaug á brúnni og tillagan verði kynnt í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar málinu til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

11.5 1805021 - Nýbýlavegur 10. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram tillaga Krark fh. lóðarhafa að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 10 við Nýbýlaveg. Í tillögunni felst fjölgun íbúða um 11, fjölgun bílastæða í kjallara og dregið er úr stærð atvinnuhúsnæðis á jarðhæð. Að öðru leiti gilda áður samþykktir skilmálar. Uppdrættir í mkv. 1:200 ásamt skýringarmyndum dags. í apríl 2018.

Niðurstaða Skipulagsráð - 28

Skipulagsráð samþykkir framlagða tillögu með tilvísan til 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

11.6 1706497 - Húsnúmer í Dalbrekku. Tillaga að breytingu.

Lagt fram að nýju erindi Franz Páls Sigurðssonar fh. eigenda fyrirtækja í Dalbrekku þar sem óskað er eftir að skipulagsráð taki til umfjöllunar beiðni um að húsnæði sem stendur við Dalbrekku fái eigin húsnúmer en séu ekki kennd við aðliggjandi götur.

Niðurstaða Skipulagsráð - 28

Skipulagsráð samþykkir framlagða tillögu og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

11.7 1804613 - Hvammsvegur 2. Gæsluvallarhús.

Lögð fram tillaga skipulags- og byggingardeildar Kópavogs að breyttu fyrirkomulagi á gæsluvelli við Hvammsveg 2. Í breytingunni felst að núverandi gæsluvallarhús er fjarlæggt og nýju komið fyrir í þess stað, upb 93 m² að stærð. Uppdráttur í mkv. 1:200 og 1:2000 dags. 23. apríl 2018.

Niðurstaða Skipulagsráð - 28

Skipulagsráð samþykkir framlagða tillögu með tilvísan til 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

11.10 1801305 - Aflakór 6. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram að nýju að lokinni kynningu tillaga Krark fh. lóðarhafa að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 6 við Aflakór. Í tillögunni felst að í stað einbýlishúss verði byggt parhús á lóðinni, byggingarmagn er aukið úr 350 m² í 420 m², heimilaðar verði útbygging á efri hæð út fyrir byggingarreit 2,5 x 3,6 m á norður og suður hlið, hámarkshæð verði 6,7 m miðað við aðkomuhæð í stað 6,3m. Skipulagsráð samþykkti með tilvísan til 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagða tillögu og vísaði til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Athugasemdafresti lauk 7. maí 2018. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust.

Niðurstaða Skipulagsráð - 28

Skipulagsráð samþykkir framlagða tillögu og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

11.12 1803626 - Dalapíng 12. Einbýlishús í tvíbýli. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram að nýju umsókn Guðna Pálssonar arkitekts f.h. lóðarhafa um breytt deiliskipulag á lóðinni við Dalapíng 12. Í breytingunni felst að íbúðum á lóðinni er fjölgað úr einni í tvær svoleiðis að ein íbúð sé á hvorri hæð hússins. Nýr inngangur í íbúð á neðri hæð er fyrirhugaður á suðausturhorni hússins. Á fundi skipulagsráðs 19. mars 2018 var óskað eftir umsögn skipulags- og byggingardeildar. Þá lögð fram umsögn dags. 16. apríl 2018.

Niðurstaða Skipulagsráð - 28

Skipulagsráð hafnar framlagðri tillögu og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Theódóra Þorsteinsdóttir og Andrés Pétursson greiða atkvæði gegn afgreiðslunni.

11.16 1803103 - Kórsalir 1. Breytt deiliskipulag.

Lagt fram erindi Jóns Guðmundssonar arkitekts f.h. lóðarhafa íbúðar og aukarýmis í kjallara þar sem óskað er eftir að rými í kjallara fái skráningu rýmis í kjallara breyttu í íbúð með sér fastanúmeri. Uppdrættir í mkv. 1:100 dags. 6. september 2000 ásamt undirrituðu samþykki lóðarhafa í húsinu. Þá lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Kópavogs dags. 25. apríl 2018.

Niðurstaða Skipulagsráð - 28

Skipulagsráð hafnar erindinu á grundvelli umsagnar byggingarfulltrúa. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

11.17 18031127 - Urðarbraut 5. Breyting á skráningu í Kastalagerði 2.

Lagt fram erindi lóðarhafa Urðarbrautar 5 dags. 20. mars 2018 þar sem óskað er eftir að fá breyttri skráningu lóðarinnar í Kastalagerði 2 þar sem innkeyrsla og aðkoma að húsinu er frá Kastalagerði en ekki Urðarbraut.

Niðurstaða Skipulagsráð - 28

Skipulagsráð samþykkir erindið og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

11.24 1804464 - Álalind 4-8. Fjölgun íbúða. Breytt deiliskipulag.

Lagt fram erindi Orra Árnasonar arkitekts f.h. lóðarhafa Álalindar 4-8 þar sem óskað er eftir að fjölga íbúðum um eina á 6. hæð fjölbýlishússins með heim hætti að áður fyrirhuguð íbúð á hæðinni, samtals 190 m², verður skipt upp í tvær uþb. jafnstórar íbúðir. Uppdrættir í mkv. 1:100 dags. 28. nóvember 2016 með breytingum dags. 14. febrúar 2018.

Niðurstaða Skipulagsráð - 28

Skipulagsráð samþykkir framlagða tillögu með tilvísan í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

11.26 1805102 - Dimmuhvarf 11b og 11c. Breytt deiliskipulag.

Lagt fram erindi Andra Ingólfssonar arkitekts dags. 4. maí 2018 f.h. lóðarhafa Dimmuhvarfs 11b og 11c. Í breytingunni felst að byggingarreitir bílageymslna verði sameinaðir byggingarreitum íbúða. Byggingarreitur bílageymslna stækkar til suðausturs um 1,5 m og byggingarmagn eykst og verður 185 m² á hvorri lóð.

Nýtingarhlutfall eftir breytingu verður 0,24 fyrir Dimmuhvarf 11b og 0,29 fyrir Dimmuhvarf 11c. Uppdráttur í mkv. 1:500 og 1:1000 dags. 7. maí 2018.

Niðurstaða Skipulagsráð - 28

Skipulagsráð samþykkir framlagða tillögu með tilvísan í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

12. 1804023F - Velferðarráð - 28. fundur frá 14.05.2018

Fundargerð í 18 liðum.

- 12.4 18031300 - Félagslegar leiguíbúðir og gæludýrahald

Niðurstaða Velferðarráð - 28

Velferðarráð samþykkir tillögu Kristínar Sævarsdóttur um breytingar á reglum um gæludýrahald í félagslegum íbúðum sem lögð var fram þann 9. apríl sl. Tillagan er um að leyfilegt verði að halda hund eða kött í félagslegum íbúðum í eigu Kópavogsbæjar. Leyfið verði háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Sé um sameiginlegan inngang að ræða er hunda- og kattahald háð samþykki 2/3 hluta eigenda sem hafa sameiginlegan inngang eða stigagang. (skv lögum um fjöleignarhús og reglum um katta- og hundahald í Kópavogi).
b) Hunda- og kattahald í félagslegum íbúðum með sérinngangi er leyfilegt.

13. 1805032 - Fundargerð 233. fundar Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis 30.04.2018

Fundargerð í 67 liðum.

14. 1805308 - 5. fundargerð skólanefndar Menntaskólans í Kópavogi frá 18. apríl 2018

Fundargerð í 6 liðum.

15. 1805052 - Fundargerð 859. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27.04.2018

Fundargerð í 36 liðum.

16. 1805110 - Fundargerð 172. fundar stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. frá 04.05.2018

Fundargerð í 9 liðum.

17. 1805100 - Fundargerð 390. fundar stjórnar Sorpu bs. frá 04.05.2018

Fundargerð í 5 liðum.

Jafnframt eru lögð fram tvö fylgiskjöl : "Niðurstöður útbórðs í byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar" og "Viljayfirlýsing sorpsamlaganna á Suðvesturlandi".

18. 1805353 - Fundargerð 457. fundar stjórnar SSH frá 07.05.2018

Fundargerð í 3 liðum.

19. 1805335 - 83. fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 4.5. 2018

Fundargerð í 4 liðum.

Bæjarstjórn - 1177 22. maí 2018
Páll Magnússon, bæjarritari.